

Ræktun eftir kal

Sjálfgræðsla

Ef um blettakal eða grisjun vegna kals er að ræða kemur til greina að „gera ekki neitt“ og láta túnið gróa upp. Þetta á einnig við um tún sem erfitt er að rækta upp vegna grjóts eða annara takmarkandi þátta. Í þessum tilfellum er mælt með því að bera á lága skammta af tilbúnum áburði eða búfjáraþurði til að örva gróðurframvinduna.



Myndin til hægri er tekin að vori ári eftir kal. Kalsvæðið er þakið varpasveifgrasi.

Ísáning

Ísáning er sáning á grasfræi og/eða grænfóðri beint í kalin tún. Þessi aðferð hefur verið reynd nokkuð með misjöfnum árangri. Helst kemur til greina að ísá í nýlega endurræktuð tún þar sem grassvörðurinn er tiltölulega opinn. Best er að nota til verksins sérstakar ísáningarvélar en einnig kemur til greina að nota hefðbundnar sáðvélar sem fella niður fræ. Sá skyldi fullum skammti af grasfræi og einnig kemur vel til greina að skjólsá með grænfóðri, t.d. rýgresi eða höfrum.



Dæmi um velheppnaða ísáningu í endurræktað tún á 1. ári.

Léttvinnsla og sáning

Ísáningin skilar ekki alltaf árangri og ef um er að ræða alvarlegt kal í nýlega endurræktuðum túnnum er skynsamlegra að beita léttvinnslu (t.d. tætingu með pinnatætara). Með léttvinnslu er átt við að sáð sé í spilduna eftir eina umferð með herfi eða tætara. Með þessu móti grær sáðgresið sem lifir upp í

spildunni og sáningin tekur hraðar við sér en við ísáninguna. Þessi aðferð gengur ekki í gömul tún með þéttri rót –þar dugir ekkert nema plógurinn!



Sambyggðar sáðvélar (herfi/tætari og sáðvél) henta vel til léttvinnslu. Til hægri má sjá velheppnaða sáningu í kjölfar léttvinnslu.

Endurvinnsla með plægingu

Í illa kalin eldri tún dugir ekkert nema endurvinnsla með plægingu. Vanda þarf til verka og gæta þess að fara ekki af stað fyrr en jörð er tilbúin til vinnslu. Ekki má vera laust bundið vatn í jarðvegi, þá er hættu á skemmdum á jarðvegsbyggingu sem koma niður á spírun og sprettu. Vanda þarf plæginguna og grafa þann gróður sem fyrir er en gæta þess jafnframt að plægja ekki of djúpt til að varðveita frjósamasta jarðvegslagið. Hæfileg plægingadýpt er 15 til 20 sm. Til eftirvinnslu þarf að velja tæki sem henta aðstæðum, tætara eða herfi en gæta þessa að ofvinna ekki jarðveg og tapa dýrmætum raka. Jarðvinnu, sáningu og völtun skal ávallt vinna í samfellu á sem stystum tíma!




Plægingu þarf að vanda og ef vel tekst til við vinnslu verður spírun jöfn og spretta kröftug.

Grænfóður til sláttar

Til sláttar hentar grænfóður af grasaætt, rýgresi, hafrar og bygg. Auðveldara er að forþurrka rýgresi en hafra og bygg en til greina kemur að flytja uppskeru á þurrkvöll og þurrka betur. Fljótasta grænfóðrið er sumarrýgresi en hafrar og bygg koma næst og síðast vetrarrýgresi. Hafrar og bygg eru öruggir í rækun en gefa lítinn endurvöxt. Vel kemur til greina að sá blöndu af grænfóðri t.d. blöndu af sumar- og vetrarrýgresi eða höfrum/byggi og vetrarrýgresi. Í slíkum tilfellum fæst endurvöxtur sem nýtist til beitar eða seinni sláttar. Í tilraunum á Möðruvöllum reyndust grænfóðurblöndur að jafnaði uppskerumeiri en grænfóður í hreinrækt. Ef grænfóðri er skjólsáð með grasi skal sá fullum sáðskammti af grasi en draga

verulega úr sáðskammti grænfóðurs. Ekki skyldi sá meira en hálfum skammti af byggi og höfrum (ca 100 kg/ha) og um þriðjungsskammti af rýgresi (10-12 kg/ha).



Mesta uppskeru grænfóðurs gefur blanda af vetrarrepju og byggi til þroska sem skorið er sem heilsæði. Í slíkri blöndu þarf að bíða með sláttutíma þar til byggið í blöndunni hefur náð nokkrum kornþroska. Heilsæði hentar ekki til rúlluverkunar en fremur til stæðugerðar.




Heilsæði gefur mikla uppskeru en hentar fyrst og fremst til stæðugerðar.

Tegundir og yrki í grasrækt

Á svæðum þar sem vetrarálag er mikið þarf að vanda val á tegundum og yrkjum í grasrækt. Vallarfoxgras er algengasta sáðgresið en verulegur yrkjamunur er á vetrarþoli. Vetrarþolin yrki sem mælt er með til notkunar og eru til á markaði 2013 eru Snorri, Vega, Engmo, Korpa og Jonatan. Upplýsingar um framboð af tegundum og yrkjum í grasrækt og sáðskammta má nálgast á heimasíðu RML www.rml.is

Vallarsveifgras og Vallarfoxgras eru vetrarþolnustu grastegundirnar á markaði en Hávingull og Axhnoðpuntur koma skammt á eftir. Vallarrýgresi hefur verulega minna vetrarþol og verður að teljast áhættusamt í ræktun á svæðum þar sem vetrarálag er mikið. Vetrarþol rauðsmára er einnig takmarkað

en hvítmári er vetrarþolnastur smáategunda. Vanda verður smitun smárafræs en smitið þarf að hræra út og blanda saman við fræið fyrir sáningu.



Vetrarþol grasategunda. Myndin sýnir þekju besta yrkis af hverri grasategund í grasategundatilraunum LBHÍ 2012. Þekjan er meðaltal 20 tilraunastaða. Heimild: Guðni Þorvaldsson.

Sáðskammtar

Sáðskammtar fara almennt eftir fræþunga. Eftir því sem fræið er smærri þarf minna af því. Ef sáning og spírun á grasfræi á borð við vallarsveifgras og vallarfoxgras er fullkomin gefa sáðskammtar umfram 20 kg/ha yfirleitt ekki uppskeruauka. Hins vegar er það svo að þegar búið er að leggja mikinn kostnað í jarðvinnslu og áburð þá er ástæðulaust að spara fræ til skaða. Því er óhætt að mæla með því að sáðskammtar séu ríflegir. Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir sáðskammta grasategunda og grænófóðurs til sláttar og sáðmagn er í efri mörkum.

	Tegund	Hreinrækt	Skjólsáning	50/50 blanda
Túngrös	Vallarfoxgras	25-30 kg/ha	25-30 kg/ha	
	Vallarsveifgras	20-25 kg/ha	20-25 kg/ha	
	Hálvíngull	25-30 kg/ha	25-30 kg/ha	
	Axhnoðpuntur	25-30 kg/ha	25-30 kg/ha	
	Vallarrýgresi	30-35 kg/ha	30-35 kg/ha	
Smári	Rauðsmári	8-12 kg/ha	8-12 kg/ha	
	Hvítmári	4-10 kg/ha	4-10 kg/ha	
Grænófóður	Sumarrýgresi	35-40 kg/ha	8-12 kg/ha	20 kg/ha
	Vetrarrýgresi	35-40 kg/ha	8-12 kg/ha	20 kg/ha
	Hafrar	200 kg/ha	80-120 kg/ha	100 kg/ha
	Bygg	200 kg/ha	80-120 kg/ha	100 kg/ha

Akureyri, maí 2013. Ingvar Björnsson